



Áfram hægir á vexti ferðaþjónustunnar

Útflutningur ferðaþjónustu nam samtals 190 ma.kr. á þriðja fjórðungi ársins og jókst um 3,2% milli ára. Þetta er töluvert minni vöxtur en á síðustu fjórðungum. Leita þarf aftur til fjórða ársfjórðungs ársins 2010 til að finna minni vöxt en uppsveiflan í ferðaþjónustu hófst árið eftir. Frá þeim tíma hefur vöxtur útflutningstekna numið að meðaltali 18,6% milli ára. Vöxturinn á þriðja ársfjórðungi nú sker sig því verulega frá meðalvexti síðustu ára.

Vöxturinn á föstu gengi er umtalsvert meiri en á föstu verðlagi

Aukning útflutnings ferðaþjónustu á föstu gengi nam 12% á þriðja fjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra. Það að aukningin á föstu gengi sé meiri en á verðlagi hvers tíma skýrist af styrkingu krónunnar milli tímabilanna en gengisvísitalan var að meðaltali 163,1 stig á þriðja ársfjórðungi 2017 en 176,9 stig á sama tímabili í fyrra (7,8% lægra).


Vöxturinn í útflutningi þjónustu á föstu gengi er enn töluvert mikill en þó mun minni en síðustu ársfjórðunga þar á undan. Leita þarf aftur til fjórða ársfjórðungs 2014 til að finna minni aukningu milli ára, en þá nam hún 9%. Aukning milli ára náði hámarki á fjórða ársfjórðungi í fyrra þegar hún nam 55,2%. Síðan þá hefur vöxturinn stöðugt dregist saman.

Á síðustu misserum er krónan er búin að vera í miklum styrkingarfasa á 12 mánaða grundvelli. Sú þróun hefur einnig birst með þeim hætti að styrkingin hefur farið vaxandi yfir tíma. Styrkingin nú á þriðja ársfjórðungi er sú minnsta í töluvert langan tíma eða síðan á fyrsta ársfjórðungi 2016.

Heildarþjónustuútflutningur dróst saman í krónum talið


Heildarútflutningur þjónustu á þriðja fjórðungi nam 225 ma.kr. og dróst lítillega saman eða um 2,6%. Á föstu gengi jókst útflutningurinn hins vegar um 5,6% og skýrist munurinn eins og áður segir af styrkingu krónunnar. Heildarinnflutningurinn nam 108 ma.kr. og dróst saman um 0,8%. Afgangur á

Vöxtur í útflutningi ferðaþjónustu




Vöxtur frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Vísitala Gengi krónunnar



Breyting á 12 mán. grundvelli
Heimild: Seðlabanki Íslands

Inn- og útflutningur þjónustu á F3




Heimild: Hagstofa Íslands



Þjónustuviðskiptum nam því 118 ma.kr. og dróst saman um 4,3%.

Afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði minnkar um 30%

Afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði nam 70 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi og dróst hann saman um rúma 30 ma.kr. milli ára eða 30%. Þann samdrátt má helst rekja til aukins innflutnings en hann jókst um rúma 20 ma.kr. Þjónustuinnflutningur dróst aftur á móti lítillega saman. Auk þess dróst útflutningur bæði á vörum og þjónustu saman milli ára. Afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði skýrist einungis af afgangi á þjónustujöfnuði enda hefur mælst halli á vöruskiptajöfnuði síðan á fyrsta ársfjórðungi 2015.



Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.